



Bókanir skipulags- og umhverfisnefndar frá 37. fundi 21.01.2025

Liður 2: Aðalskipulag Norðurþings – kynning á tillögu á vinnslustigi

Bókun um afgreiðslu: Nefndin gerir eftirfarandi athugasemd við framlagða vinnslutillögu; Skipulagsmörk. Sveitarfélagamörk milli Langanesbyggðar og Norðurþings liggja um Ormarsá, en teiknuð lína er þó nokkuð austar og fylgir Fjallgarði en ekki ánni og sýnir því ekki rétta skiptingu. Sveitarstjóra falið að koma á framfæri umsögn á skipulagsgátt.

Liður 3: Deiliskipulag Suðurbæjar á Þórshöfn, skipulagsuppdráttur og greinargerð

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu skv. 1. mgr. 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 4: Tunguárvirkjun í Pistilfirði, breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027, nýtt deiliskipulag – Skipulagslýsing dags. 2024

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til að sveitarstjórn samþykki að auglýsa fyrirbyggjandi skipulagslýsingu í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Liður 10: Erindi frá Náttúruverndarnefnd Þingeyinga.

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd fellst á að náttúruverndarmál heyrri alfarið undir nefndina og að erindisbréfi nefndarinnar verði breytt þannig að náttúruvernd komi þar undir lið um hlutverk nefndarinnar.

Liður 12: Ítrekað bréf til sveitarfélagsins um fráveitumál (Suez)

Bókun um afgreiðslu: Skipulags- og umhverfisnefnd óskar eftir því við sveitarstjórn að þetta atriði verði tekið upp í fyrirhuguðum viðræðum við Ísfélag um framhald framkvæmda við höfnina.

Liður 13: Veiðihús í landi Tungusels – breyting á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007 – 2027

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki framlagða tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



Liður 14: Deiliskipulag veiðihúss í landi Tungusels

Bókun um afgreiðslu: Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki þannig breytta tillögu að deiliskipulagi fyrir veiðihús í landi Tungusels.